

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 42/2005**

**frá 11. mars 2005**

**um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2005 frá 8. febrúar 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004 frá 27. apríl 2004 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið ESB L 127, 29.4.2004, bls. 158.
- 3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 772/2004 fellur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96 <sup>(3)</sup> úr gildi, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Í stað texta 5. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 240/96) í XIV. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

**„32004 R 0772:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2004 frá 27. apríl 2004 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu (Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 11), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið ESB L 127, 29.4.2004, bls. 158.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi við á eftir orðunum „1. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003“: „eða samsvarandi ákvæði í 1. mgr. 29. gr. II. kafla í I. hluta bókuar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
- a) Í 2. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi við á eftir orðunum „2. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003“: „eða samsvarandi ákvæði í 2. mgr. 29. gr. II. kafla í I. hluta bókuar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
- a) Eftirfarandi bætist við í lok 7. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir í tilmælum að taki samhliða net svipaðra samninga um tæknilega yfirfærslu til meira en 50% viðkomandi markaðar í EFTA-

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 31, 9.3.1996, bls. 2.

rikinum skuli reglugerð þessi ekki gilda um samninga um tæknilega yfirfærslu sem hafa að geyma sértækar takmarkanir er varða þann markað.

Tilmælum samkvæmt 1. mgr. skal beint til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Öll EFTA-ríki, sem tilmælum samkvæmt 1. mgr. er beint til, skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvort þau samþykki tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra. Ef þessi þriggja mánaða frestur líður án þess að svar berist skal túlka það sem samþykki EFTA-ríkisins sem sendir ekki svar.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, samþykkir tilmælin eða sendir ekki svar áður en fresturinn er liðinn skal því skylt að hrinda tilmælunum í framkvæmd innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn að það samþykki ekki tilmælin skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna framkvæmdastjórninni það svar. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála afstöðu EFTA-ríkisins gilda ákvæði 2. mgr. 92. gr. samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um beitingu þessa ákvæðis.

Taki samhlíða net svipaðra samninga um tæknilega yfirfærslu til meira en 50% viðkomandi markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samvinnu með það fyrir augum að samþykkja mismunandi ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og að rétt sé að gera ráðstafanir í samræmi við þetta ákvæði skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem beint er til aðildarríkja EB og Eftirlitsstofnun EFTA efnislega samhljóða tilmæli sem beint er til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað. “““

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 772/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 127, 29.4.2004, bls. 158, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*) eða sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, hvort sem síðar verður.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*R. Wright*

formaður.